

Lilja Mósesdóttir hagfræðingur hefur verið áberandi í þjóðmálaumræðu undanfarið: Sterkar konur í sjávarplássum höfðu áhrif á mig

Á þessum skrítnu tímum að undanförmu hefur mikið borið á hagfræðingum í þjóðmálaumræðu á opinberum vettvangi, enda helst þeir sem geta skýrt hlutina í kringum þá miklu efnahagslægð sem Ísland og mörg ríki heimsins ganga nú í gegnum. Ein örfárar kvenna í hópi þessara hagfræðinga er Lilja Mósesdóttir sem fæddist og ólst upp vestur í Grundarfirði og hefur líklega í mörgu annan bakgrunn en flestir þeir sérfræðingar sem fjalla um efnahagsmálin í dag. Kannski hefur Lilja líka betri sýn á stöðu landsbyggðarinnar gagnvart þeim þrengingum sem nú ganga yfir. Hún segir að í fiski- og sjómannasamfélaginu vestra hafi móðir sín og vinkonur hennar oft þurft að taka mikilvægar ákvarðanir í fjármálum þegar feðurnir voru á sjónum. „Ég var von að hlusta eftir því sem þær voru að segja. Það má segja að þær hafi haft áhrif á mig þessar sterku konur sem svo mikið er af í sjávarplássum. Það fór líka lengi svólitíð í taugarnar á mér hversu litíð var rætt við konur þegar fjallað var um efnahagsmál. Kannski langaði mig til að breyta því og þess vegna beindi ég stefnunni að hagfræðinni,“ sagði Lilja í gamansömum tón þegar blaðamaður Skessuhorns kíkta í heimsoðn til hennar í Starrahólana í Breiðholti á dögunum þar sem hún er búsett.

Hagfræðin hjá mömmu

„Það var notalegt að alast upp í Grundarfirði á þessum árum upp úr 1960 þegar þorpið var að byggjast upp og verða að bæ. Þá bjuggum við flest í nýbyggðum húsum í „hurðalausum helvíti“ eins og það var kallað. Þabarnir voru flestir á sjónum og mömmurnar að vinna í fiskvinnslunni eða rækjunni. Við krakkararnir vissum minna af pöbbum og þess vegna voru allir kenndir við mömmurnar og þær aftur við kallana. Mamma, Dóra Haraldsdóttir, var til dæmis alltaf kölluð Dóra Móa og ég Lilja Dóra Móa.

Ég býst við að áhugi minn á hagfræði hafi kviknað þegar ég fylgdist með mömmu og vinkonum hennar sem komu í heimsoðn. Konurnar þurftu að sjá um flesta hluti þegar mennirnir voru á sjónum. Þær voru að bera saman heimilisbókhald og stundum þurftu að taka mikilvægar peningaákvæðanir áður en að karlarnir náðu að koma í land. Þá var síminn ekki kominn út á sjó og ekki hægt að hringja hvenær sem

” Í þessi átta ár sem ég var háskólakennari, meðal annars á Bifröst, var óskaplega erfitt að beina nemendum í annað nám en það sem snerti bankaviðskipti. Það hafa allt of margir einbeitt sér að slíku námi undanfarin ár.“

er eins og núna.“

Lilja segir að síðan hafi stefnan orðið ákveðnari þegar hún fór í framhaldsskóla. „Það hafði tíðkast að fólk úr móðurfélagskyldunni færi í Verslunarskólann. Ég fylgdi þeirri hefð og í verslunarnáminu kynntist ég þjóðhagfræði og rekstrarfræði. Mér gekk vel í þjóðhagfræðinni og það jók áhuga minn á því að snúa mér að hagfræðinámni. Ég



Lilja Mósesdóttir hagfræðingur segist hafa lært mikið á sínum uppvaxtarárum í Grundarfirði.

” Til að byrja með skoðaði ég kreppuna hér í samanburði við kreppuna í Asíu, en svo fór ég að bera hana meira saman við kreppuna í Argentínu upp úr aldamótunum og fann meiri samsvörun við hana. Ég held það sama gerist hjá okkur og þeim, að lánið frá Alþjóðgjaldeyrissjóðnum dugi ekki, enda á það að mestu leyti að fara í að styrkja gjaldeyrisforðann.“

útskrifaðist úr hagfræðideild Verslunarskólans vorið 1981 og ákvað þá að fara til náms í Bandaríkjunum þar sem hagfræði var ekki kennd til B.A. prófs við Háskóla Íslands á þessum tíma.“

Nýútskrifuð í frystihúsi

Lilja segir að á síðustu misserum námstímans í Bandaríkjunum hafi hún lent í djúpri efnahagslægð í kjölfar mikilla olíuverðshækkana og aflabrests hér á landi, sem hafi orsakað mikið fall krónunnar. „Þetta varð til þess að námslánin mín urðu mjög ódrjúg og síðustu mánuðina varð ég að lifa á skotslífrí frá vin-

um og flugsæði til Bretlands til að halda áfram námi. Ég er óspór á að segja nemendum mínum í háskólanum frá þessu. Ég held að þeir hafi gott af því að heyrja frá því að stundum þarf fólk að sveigja af frá vonum og væntingum til að takast á við óvanta erfiðleika.“

Lilja segist fastlega eiga von á því að þær breytingar sem nú gangi yfir í þjóðarþúinu verði til þess að auka áhuga ungs fólks á hagfræði og jafnframt beina því meira inn á aðrar námsbrautir en verið hef- ur. „Í þessi átta ár sem ég var háskólakennari, meðal annars á Bifröst, var óskaplega erfitt að beina nemendum í annað nám en það sem snerti bankaviðskipti. Það hafa allt of margir einbeitt sér að slíku námi undanfarin ár. Nú stendur því miður margt vel menntað fólk í bönkunum frammi fyrir því að enga vinnu er að fá og ekki verður úr miklu að móða fyrir það á næstu árum.“

Landsbyggðin stendur betur

„Ég hef verið að velta fyrir mér stöðu landsbyggðarinnar í efnahagskreppunni. Það geri ég í samanburði við efnahagslægðina sem reið yfir Asíu skömmu fyrir aldamótin. Þá var þróunin sú að fólk, sem hafði leitað til borganna úr dreifbýlinu, fór til baka að vinna við framleiðsluatvinnuvegina sem þar voru, en þar var námugróftur stór í sniðum. Ég á von á að það sama muni gerast hér, að fólk vilji komast frá höfuðborgarsvæðinu, úr dýrum eignum sem erfitt er að borga af. Það verður hins vegar vandamál fyrir margan, þar sem á svona tímum

virkar það mjög hamlandi að margar fjölskyldur eiga húsnæðið, fólk lendir í eignafjöturum. Ég velti því hreinlega fyrir mér hvort það hafi verið nokkuð vit í því að langstærstur hluti þjóðarinnar eignaðist eigið húsnæði, þar sem þessi séreignastefna kemur nú í veg fyrir að fólk geti leitað þangað sem vinnu er að hafa.“

Lilja segir að landsbyggðin standi betur nú í kreppunni en höfuðborgarsvæðið einfaldlega vegna þess að þensluáhrifin af útrásinni og einkavæðingu bankanna séu miklu meiri í borginni. „Landsbyggðin stendur líka betur að því leyti að framleiðsluatvinnuvegir eru þar að stærstum hluta og útflutningsatvinnuvegir njóta góðs af gengisfalli krónunnar að því leyti að meira fæst fyrir afurðir. Hins vegar eru mörg fyrirtæki í sjávarútvegi úti á landi mjög skuldsett og ég hef áhyggjur af sjávarþorpum sem munu missa frá sér kvóta vegna gjaldþrota skuldsettra sjávarútvegsfyrirtækja. Mörg sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið að byggja sig upp tæknilega og eru því ekki eins vinnuafslækk fyrir vikið. Vinnu- markaðurinn er mikið til mettur úti á landi og því stendur landsbyggðin ekki vel hvað varðar að taka við atvinnulausu fólki. Landsbyggðin geldur þess líka að mínu mati að þangað hefur ekki verið ráðið mikið af sérfræðingum sem til dæmis eru menntaðir í félagsvísindum og ég hef á tilfinningunni að sá mórall hafi verið í gangi að það sé ekki not fyrir þá úti á landi. Fólk með slíka

menntun mun því frekar flytja af landi brott en að fara út á land, þar sem fáir starfa á þeirra sviði.“

Lilja segir að breytt ástand kalli á hugarfarsbreytingu á mörgum sviðum. Það verði að kalla fram önnur gildi eins og samvinnu og samfélagslega ábyrgð, sem hreinlega hafi verið utangarðs í þjóðfélaginu á útrásartímabilinu. „Ég velti því til dæmis fyrir mér hvort ekki sé betra að starfsfólk fyrirtækja taki meiri ábyrgð og þátt í rekstri þeirra til að koma í veg fyrir að fyrirtækin verði keypt upp á brunaútsölu af erlendum og innlendum auðmönnum sem í mörgum tilfellum komu okkur í þessar hörmungar. Fram til þessa hefur ekki mátt minnst á slíkar hugmyndir án þess að verða ákkaðast frjálslyggygjuþröðsmanna“.

Útlitið ekki bjart framundan

Lilja hefur undanfarnar vikur sókk sér í greiningu á þeim efnahagsvanda sem þjóðin stendur nú frammi fyrir. Hún segist reyndar lengi hafa óttast að útrás bankanna væri að leiða íslenska efnahagskerfið í ógöngur.

„Því miður sýnist mér útlitið frekar svart framundan. Til að byrja með skoðaði ég kreppuna hér í samanburði við kreppuna í Asíu, en svo fór ég að bera hana meira saman við kreppuna í Argentínu upp úr aldamótunum og fann meiri samsvörun við hana. Ég held það sama gerist hjá okkur og þeim að lánið frá Alþjóðgjaldeyrissjóðnum dugi ekki, enda á það að mestu leyti að fara í að styrkja gjaldeyrisforðann. Það sem verður einna erfðast er að lánsfjáskorturinn verður gríðarlegur vegna þess hversu miklir peningar hafa horfið út úr hagerfinu við fall bankanna. Skuldug fyrirtæki munu mög hvern verða gjaldþrota, þrátt fyrir að starfsemi þeirra gangi að öðru leyti vel. Atvinnuleysi, mikil skuldsetning og hrun á fasteignaverði mun orsaka gjaldþrot margra heimila. Þessi staða mun í fyrstu kalla fram aukna verðbólgu, en fljótlega á næsta ári hjaðnar hún og hverfur jafnvel ef okkur tekst að ná tókum á krönnunni.“

Aðspurð hvernig við munum bregðast við lausafjóranda og skorti á rekstrarfægi segir Lilja: „Ætli það sama komi ekki til með að gerast hérna og í Argentínu að fólk og fyrirtæki fari meira úti í vöruskipti til að bjarga sér í kreppunni. Mér sýnist þetta vera að byrja hérna með makaskiptum á fasteignum. Ætli það sé ekki bara byrjunin.“



Lilja ólst upp í Grundarfirði og segir að í fiski- og sjómannasamfélaginu vestra hafi konurnar gjarnan tekið mikilvægar ákvarðanir varðandi fjármál heimilanna. Það fór líka lengi svólitíð í taugarnar á mér hversu litíð var rætt við konur þegar fjallað var um efnahagsmál. Kannski langaði mig til að breyta því og þess vegna beindi ég stefnunni að hagfræðinni.“